

NORRÆN STRANDMENNINGARHÁTIÐ Á SIGLUFIRÐI, 4. – 8. JÚLÍ

- Aníta Elefsen

Undirbúningur fyrir sjöundu Strandmenningarhátíðina sem fram fer á Siglufirði í sumar gengur vel og hefur verið í höndum Vitafélagsins, Síldarminjasafns Íslands og Fjallabyggðar. Mikill áhugi er á hátíðinni bæði hérlandis og erlendis en þátttakendur munu koma víða að og úr ólíkum áttum.

Hátíðin fer fram í samvinnu við árlega Þjóðlagahátíð og mun tónlist því leika stórt hlutverk en þar að auki er búist við fjölda þátttakenda frá Norðurlöndunum sem og Íslandi. Færeyingar hafa boðað komu sína á kúttar Jóhönnu auk þess sem þeir hyggjast koma með grindabáta, í þeim tilgangi að sigla þeim og kynna fyrir hátíðargestum. Grænlandingar og Finnar áætla að senda bæði söng- og leiklistarfólk til þátttöku. Norðmenn áforma að sigla ólíkum skipum á hátíðina auk þess sem tónlistar- og handverksfólk hefur boðað komu sína. Í samstarfi við Bohuslän Museum í Uddevalla í Svíþjóð verður sett upp sögusýning á Síldarminjasafninu um síldveiðar Svía við Íslandsstrendur og sér í lagi við Siglufjörð. Þá er á dagskrá að kynna ólíkar útfærslur á síldarréttum og bjóða hátíðargestum að bragða á ýmisskonar síld á skandinavíska vísu. Danir munu miðla sögu freigátunnar Jylland sem færði okkur Íslendingum stjórnarskrána.

Vonir eru bundnar við að fjöldi báta og skipa komi sjóleiðis til Siglufjarðar þessa daga, bæði frá Norðurlöndunum og víðs vegar frá Íslandi. Siglufirskar síldarstúlkur munu salta síld á planinu við Róaldsbrakka og stranda þannig vörð um gömlu verkþekkinguna. Boðið verður upp á bátasmiðanámskeið í gamla Slippnum og tveggja daga málþing fer fram í Gránu, um varðveislu og viðhald báta og skráningu súðbyrðings á heimsminjaskrá UNESCO.



Siglufjarðarhöfn

Þátttaka Íslendinga verður fjölbreytt og má nefna siglingaklúbba landsins, eldsmiði sem munu leika listir sínar, handverksfólk vinnur með ull, roð, æðardún, riðar net og fleira, bátasmiðir verða við vinnu og tónlistarfólk kætir lung með söng- og hljóðfæraleik. Einnig hafa einstaklingar í Króatíu óskað eftir að fá að upplifa hátíðina og sýna brot af eigin strandmenningu.

Það sem gerir þessa strandmenningarhátíð svo sérstaka eru hin sterku norrænu tengsl við Siglufjörð, en fullyrða má að Siglufjörður sé eini staðurinn á landinu þar sem allar norrænu þjóðirnar eigi sín spor og tengist sögulega. Hér voru Norðmenn, Danir, Finnar, Svíar og Færeyingar við síldveiðar og tóku þátt í uppbyggingu staðarins og síldariðnaðarins.

Það er því von á fjölbreyttri, fræðandi og skemmtilegri hátíð!



Síldarkonur



Fréttabréf

VITAFÉLAGIÐ Íslensk strandmenning

1. tbl 2018

Ágæti lesandi

Það var á hrimköldu haustkvöldi árið 2009 sem fulltrúar norrænna strandmenningarfélaga hittust á Íslandi í boði Vitafélagsins-Íslensk strandmenning í þeim tilgangi að kanna hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi. Eftir ferðalag um Norðurland þar sem strandmenning var skoðuð frá Akureyri og allt austur á Raufarhöfn voru allir einhuga um að menning og menningararfur þessarra þjóða væri svo nátengdur að það væri nær óskiljanlegt að þjóðirnar hefðu aldrei unnið saman á þessu sviði. Þessir einstaklingar, sem voru fulltrúar sinna félaga, höfðu aldrei hist fyrr en voru eins og systkinahópur að ferð lokinni. Síðan þá hefur margt gerst og samstarfið eflst. Fyrir utan árlegar strandmenningarhátíðir ber helst að nefna undirbúning að því að koma handverkinu við smíði súðbyrðings á lista hjá UNESCO yfir huglægar menningararfir mannkyns. Hugmyndin að því verkefni kviknaði á undirbúningsfundi fyrir strandmenningarhátíðina í Karlskrona og er undirbúningur fyrir umsókn nú vel á veg kominn.

Fyrsta norræna strandmenningarhátíðin var haldin á Húsavík sumarið 2011 undir heitinu Sail Húsavík en síðan hafa þær borið yfirskriftina Nordisk kustkultur / Norræn strandmenning. Danir tóku við keflinu af Íslendingum og héldu sína hátíð sumarið 2012 í Ebeltoft, í Svíþjóð var hátíðin haldin í Karlskrona 2013 og í Ósló 2014. Á Álandseyjum voru hátíðarhöldin í Mariuhöfn sumarið 2015 og í Vági í Færeyjum 2016. Ætlunin var að halda ráðstefnu á Grænlandi á síðasta ári, en það er ekki á hvers manns færi að punga út fyrir farseðli til þessarra náganna okkar þannig að árið leið án hátíðar og stórfunda. Grænlandingum hefur þó oftast tekist að finna sér farareyri á hátíðirnar. Vitafélagið-Íslensk strandmenning hefur ávallt tekið þátt og sent 5-25 manns á hverja hátíð til að kynna íslenska stramenningu með fyrirlestur, sýningum, tónlist, kvikmyndum, handverki, bátum og fleira.

Nú er röðin aftur komin að Íslandi og fékk Vitafélagið-Íslensk strandmenning styrk úr Fullveldissjóði til hátíðarhaldanna og þar með er hátíðin hluti af fullveldishátíðinni. Fyrir valinu varð Siglufjörður og hann í raun sjálfkjörinn. Á Siglufirði eiga allar norrænu þjóðirnar sín spor frá tímum síldveiða. Norðmenn voru hvað atkvæðamestir og reistu þar bæði verksmiðju og Roaldsbrakka. Sænski markaðurinn var lengi sá mikilvægasti fyrir íslensku saltsildina og Abba síldin var jafn vinsæl í Svíþjóð og hljómsveitin Abba. Síldveiðar Dana og Færeyinga voru umtalsverðar og um götur Siglufjarðar örkuðu Finnar með hníf við belt. Auk þessa fagna Siglufirðingar tvöföldu afmæli, 200 ára verslunarsögu og 100 ára kaupstaðarafmæli og íslenska þjóðin sínu 100 ára sjálfstæði.

Það vill líka svo skemmtilega til að árið 2018 hefur verið útnefnt „Evrópska menningarársárið“ af Evrópuráðinu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Minjastofnun Íslands að sjá um skipulagningu menningarársársins og hefur stofnunin ákveðið að hafa „strandmenningu“ þema ársins á Íslandi. Vitafélagið – Íslensk strandmenning fagnar því að þessi mikilvægi hornsteinn íslenskrar menningar fái þá athygli og virðingu sem hann á skilið.

Sigurbjörg Árnadóttir

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN



www.sild.is



fjallabyggd.is



fullveldi1918.is



folkmusik.is



nordiskkustkultur.com



vitafelagid.com

KONUNGURINN, FREIGÁTAN, STJÓRNARSKRÁIN OG FULLVELDISAFMÆLIÐ



Kristján konungur.

Kristján IX. (1818–1906) konungur 1863–1906

Drengurinn sem fæddist í Gottorp, höll hertogans af Schleswig-Holstein-Sonderburg-Glücksburg í Slésvík, 8. apríl 1818, var ekki borinn til ríkiserfða og þótt aðalstíllinn væri langur og foreldrar hans gætu með rétti kallað sveininn prins var minna umleikis í Gottorp en mörgu aðalsettrinu öðru í Danaveldi þeirrar tíðar. Ekki er svo að skilja að prinsinn ungi mætti sæta kröppum kjörum í uppveiti sínum en minni íburður var í Gottorp en tíðkaður var við hirð margra annarra fursta og hertoga og lengi framan af ævi hans benti ekkert til þess að það ætti fyrir honum að liggja að setjast í háseti konungs og ríkja um langan aldur.

Eftir lát föður síns hélt Kristján prins til Danmerkur árið 1832, 14 ára að aldri, og hóf nám við herskóla landhersins. Honum sóttist námið ágætlega og þótti standa sig vel á ýmsan hátt sem varð til þess að honum voru falin ýmis trúnaðarstörf sem gerðu honum kleift að vinna sig í álit sem dugandi embættismaður og diplómat og hann aflaði sér menntunar í ríkisrétti og sagnfræði í Þýskalandi.

En þótt Kristjáni Slésvíkurstjórnsins vegnaði ágætlega í danska stjórnkerfinu og innan dönsku hirðarinnar benti ekkert til þess að hann ætti konungstign í vændum fyrr en kom að valdatíð síðasta einvaldskonungsins, Friðriks VII. Enda þótt Friðriks VII. sé nú einkum minnst fyrir það að hann sat að völdum þegar danska stjórnarskráin – grundloven – var sett árið 1848 og hann eigi af þeim sökum vísan sess í opinberri birtingarmynd danskrar sögu verður ekki fram hjá því lítið að hann var alla tíð andlega veill og báru bæði atferli hans og stjórnarhættir þess ýmis merki. Og svo var konungur barnlaus og ljóst orðið þegar hann kom til ríkis, og hafði þá skilið við tvær eiginkonur, að ríkisarfa væri vart að vænta. Óslitinni setu konunga af Aldinborgaraætt á æðsta veldisstóli danska ríkisins frá því að Kristján I. kom til ríkis árið 1448 myndi ljúka við fráfall Friðriks VII.

Leitinni að eftirmanni Friðriks VII., sem fór fram við mjög flókna og erfiðar pólitískar aðstæður á umbrotatímum og fólst meðal annars í samráði við fulltrúa ýmissa völdugustu ríkja Evrópu, lyktaði með því að sett voru sumarið 1853 lög um konungserfðir sem fólu það í sér að Kristján Slésvíkurstjórnsins yrði Danakonungur í fyllingu tímans. Það sem öðru fremur réði því að ákveðið var að hefja hann til slíkra metorða var annars vegar að hann hafði reynst kunna ýmislegt gagnlegt fyrir sér og var fær um að beita þekkingu sinni og hins vegar að verðandi konungur lagði á það mikla áherslu að halda danska stórríkinu saman og lagðist eindregið gegn öllum hugmyndum um aðskilnað hertogadæmanna frá Danmörku en hreyfingar í þá átt höfðu gert vart við sig um nokkurt skeið og voru þær íhaldssömum stjórnála- og embættismönnum í Danmörku síst að skapi.

Friðrik VII. andaðist 15. nóvember 1863. Sama dag var Kristján prins krýndur og varð Kristján IX. Danakonungur. Ætt Glücksborgara var komin til ríkiserfða í Danmörku þar sem afkomandi Kristjáns IX., Margrét II. Danadrottning, situr enn á veldisstóli í táknrænni stöðu þjóðhöfðingja.

Þegar árið eftir að Kristján IX. settist að völdum dró til úrslita í deilunni um hertogadæmin suður af Danmörku. Vopnaviðskiptum Prússa, Austurríkismanna og Dana um yfirráð yfir hertogadæmunum lauk með algerum ósigri Dana sem urðu að láta þau og Suður-Jótland af hendi. Í einni svipan minnkaði danska ríkið um 19.000 ferkílómetra og íbúum þess fækkaði um 200.000. Margir íhaldssamir Danir undu þessum úrslitum afar illa og urðu til að hnjóða í konung sinn með ásökunum um linkind og þjónkun við Prússa. Urðu slíkar ásakanir, þótt tilhæfulausar væru, ekki til að auka hróður konungs. Honum rann mjög til rifja að hertogadæmin gengu undan dönsku krúnunni, þar á meðal æskuslúðir hans, og segir sagan að hann hafi ávallt síðan dregið gluggatjöldin fyrir gluggana í vagni sínum þegar hann átti leið um hertogadæmin í járnbrautarlest. Nú voru líka runnir upp tímar þjóðernisstefnu

Ísland var konungsríki í 682 ár, fyrst norskt skattland og síðar hjálenda Danmerkur og að lokum sjálfstætt og fullvalda konungsríki frá 1. desember 1918 til lýðveldisstofnunar 17. júní 1944.

Í ár minnst landsmenn 100 ára fullveldisafmælis með ýmsu móti. Vitafélagið leggur sitt af mörkum með fyrirlestur tengdum afmælisárinu á vetrardagskrá sinni og norrænni strandmenningarhátíð á Siglufirði í sumar. Þangað er von á sýningu um freigátuna Jylland, sem gegndi hlutverki konungsskips árið 1874 er Kristján IX. heimsótti landið í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar og færði landsmönnum stjórnarskrá sem enn er í gildi að stofni til en mikið breytt. Konungur lagði vitaskuld ekkert til samningar hennar og hann kom sem þjóðhöfðingi, ekki sem stjórnámalamaður í Íslandsheimsókninni.

Stjórnarskráin frá 1874 var staðfesting þess að einveldi konungs væri liðið undir lok og mikilvægur áfangi á leiðinni að sjálfstæði og fullveldi. Stjórnarskráin hefur verið grundvöllur lýðræðis og lýðræðispróunar frá gildistöku hennar. Það er því vel við hæfi að minnst hennar og konungskomunnar 1874 í tengslum við fullveldisafmælið. Hér verður það gert með nokkrum orðum um skipið sem flutti þetta merkisplagg til landsins, manninn sem vann það embættisverk að afhenda það og tímana sem þá voru og breyttust.

AKRANESVITI 100 ÁRA

- Sigrún Klara Hannesdóttir



Gamli vitinn. Ljósmynd: Guðjón Guðmundsson.

Árið 1918 var byggður steinsteyptur viti yst á Suðurflös á Akranesi, eftir teikningum Thorvalds Krabbe, verkfræðings og var það einn fyrsti steinsteypti vitinn á landinu. Undirstöður vitans eru úr stuðlabergi, en víthúsið sjálft var steipt. Vegna stálskorts af völdum fyrri heimstyrjaldar var ljóshús vitans smíðað úr járnplötum úr flaki Goðafoss sem strandaði undir Straumnesfjalli 1917. Í ljóshúsi var 300 millimetra linsa og gasljóstæki til lýsingar. Gamli Akranesvitinn er ferstendur, 10 metra hár og var starfræktur til ársins 1947.

Árið 1943-1944 var svo byggður steinsteyptur viti eftir teikningum Axels Sveinssonar en vitinn var ekki tekinn í gagnið fyrr en 1946 vegna vandamála við innflutning á ljóstækjum meðan heimstyrjöldin geisaði. Nýi vitinn er glæsilegt mannvirki, rúmlega 19 metrar á hæð og hringlaga og stendur á áttstrendum sökli.



Gamli vitinn. Ljósmynd: Guðjón Guðmundsson.

Árið 2012 var aftur komið að viðgerð á gamla vitanum. Kostaði sú viðgerð alls 14 milljónir króna og þar af fengust 10 milljónir úr svokölluðum Bræðrapartssjóði, sem kenndur er við bæ sem áður stóð á Breiðarsvæðinu. Sagt var frá aðdraganda að viðgerðinni í Skessuhorni sem sjá má á síðunni <http://skessuhorn.rat.nepal.is/frettir/nr/130926/>



Gamli og nýji vitinn. Ljósmynd: Hilmar Sigvaldason.

Sagan um vitana á Akranesi og hvernig þeir hafa verið nýttir í þágu bæjarfélagsins er dæmi um hvernig hægt er að nýta gamlar menningarminjar til gagns og gamans fyrir bæjarfélög og þá sem búa nálægt sjónum. Akranesviti er orðinn eitt mesta aðdráttarafl í komu ferðamanna á Akranesi

Árið 2013 þegar seinni viðgerð á vitanum var lokið var vitinn valinn á einni erlendri vefsíðu þriðji fallettasti viti í heimi: <https://matadornetwork.com/trips/23-iconic-lighthouses-around-the-world-pics/>

Heimildir og myndaeigendur: Kristján Sveinsson, Hilmar Sigvaldason, Júlíana Bjarnadóttir, Guðjón Guðmundsson.

NORRÆN STRANDMENNINGARHÁTÍÐ Á SIGLUFIRÐI 4.- 8. JÚLÍ 2018

DRÖG AÐ DAGSKRÁ

MIÐVIKUDAGUR 4. JÚLÍ

- Setningaráthöfn kl. 17:00

FIMMTUDAGUR 5. JÚLÍ KL. 10:00 -17:00

- Torsdag 5. juli kl. 10:00-17:00
- Sýningatjöld, vinnustofur og aðrir sýningastaðir
- Sauðanesviti- Ljósmyndasýning
- Ytrahúsið-Örlygur Kristfinnsson
- Bókasafnið - Norðurslóðasetrið
- Í tjöldum: 20 einstaklingar sýna gamalt og nýtt handverk t.d. vinna með roð, ull, dún og fl.
- Siglfirskir listamenn við vinnu sína
- Netagerð í höndum heimamanna
- Bátar opnir og til sýnis. Í sumum þeirra eru sýningar í boði
- Eldsmiðir við vinnu sína
- Vinnustofa fyrir börn
- Á hátíðarsvæðinu munu Grænlenkir listamenn sýna trommudans, þjóðdansa
- Málþing í Síldarminjasafninu um viðhald og viðgerðir á bátum
Fyrirlesarar:Hanna Hagmark Cooper, Anders Bolmsted, Almogebátarna Svíþjóð,
Hafliði Aðalsteinsson, Jón Ragnar Daðason
- Námskeið í bátasmíði í Slippnum
- Norrænar kvikmyndir í Tjarnarborg

FÖSTUDAGUR 6. JÚLÍ

- Sýningatjöld, vinnustofur og aðrir sýningarstaðir kl. 10:00-17:00
- Sauðanesviti- Ljósmyndasýning
- Ytrahúsið-Örlygur Kristfinnsson
- Bókasafnið – Norðurslóðasetrið
- Í tjöldum: 20 einstaklingar sýna gamalt og nýtt handverk sem einkennir sjávarsíðuna.
T.d. vinna með ull, roð, dún og fl.
- Netagerð í höndum heimamanna



www.vitafelagid.com

- Bátar opnir og til sýnis. Í sumum eru sýningar í boði
- Eldsmiðir við vinnu sína
- Vinnustofa fyrir börn
- Á hátíðarsvæðinu munu Grænlenkir listamenn sýna trommudans, þjóðdansa, syngja og sýna grænlenka list
- Málþing í Síldarminjasafninu um UNESCO, súðbyrtabáta og hefðir í norrænni strandmenningu
Fyrirlesarar: Tore Friis-Olsen, Kysten, Noregi, Jon Borger Godal, Noregi, Hansi í Líðini,
Josko Bozanic, Króatíu
- Námskeið í bátasmíði heldur áfram
- Norrænar kvikmyndir í Tjarnarborg

LAUGARDAGUR 7. JÚLÍ

- Sýningatjöld, vinnustofur og aðrir sýningastaðir kl. 10:00-17:00
- Sauðanesviti-Ljósmyndasýning
- Ytrahúsið- Örlygur kristfinnsson
- Bókasafnið –Norðurslóðasetrið
- Í tjöldum: 20 einstaklingar sýna gamalt og nýtt handverk sem ein kennir sjávarsíðuna.
- T.d. vinna með ull, roð, dún og fl.
- Netagerð í höndum heimamanna
- Bátar opnir og til sýnis
- Í sumum eru sýningar í boði
- Eldsmiðir við vinnu sína
- Vinnustofa fyrir börn
- Á hátíðarsvæðinu munu Grænlenkir listamenn sýna trommudans, þjóðdansa, syngja og sýna grænlenka list
- Norrænar kvikmyndir í Tjarnarborg

SUNNUDAGUR 8. JÚLÍ

- Kl. 11:00 Guðþjónusta í Siglufjarðakirkju



www.vitafelagid.com

ÚTVEGSBÓNDINN OG TRÉSKIPASMIÐURINN Á BREIÐABÓLSTÖÐUM

- Sigurbjörg Árndóttir

Í nábýli við Bessastaði á Álftanesi er að finna fágætan vitnisburð um stórt útgerðarheimili frá seinni hluta 19. aldar þegar umfangsmikil sjósókn var stunduð frá Álftanesi og öðrum stöðum við Faxaflóa. Þar búa nú bóndinn og tréskipasmiðurinn Jón Ragnar Daðason og Hera Guðlaugsdóttir ásamt þremur sonum.



Gamla steinhúsið að Breiðabólstöðum var byggt árið 1883 af Erlendi Erlendssyni útvegsbónda. Grjótið var tekið víðsvegar á landareigninni. Það var klofið þar sem það fannst og væntanlega borið heim á börum. Síðan var steinninn límdur saman með kalksandi. Að öllum líkindum er á Breiðabólstöðum eina heillega húsið frá 19. öld sem enn stendur í sveitarfélaginu. Húsið er einlyft með kjallara og portbyggðu risi. Veggirnir eru tvöfaldir með loftbili á milli og segir Jón það mjög hlýtt. Húsið var friðlýst í júní 2016.

Þegar ungu hjónin tóku við húsinu fyrir nokkrum árum var það ekki íbúðarhæft og salernið var gamall stampur á bak við hús. Húsið hafði verið í eigu fjölskyldu Heru í mannsaldra en Jón kynnst því vel þegar hann tók að sér að skipta um þak á því árið 2006. Kom hann strax auga á alla kosti þess og hikaði ekki við kaupin þegar þau buðust.

Margt forvitnilegt kom í ljós þegar viðgerðin hófst og til dæmis fann Jón bók á milli fjala sem er frá 1684 um krossför Norðmanna til Jemen á 17. öld. Þetta var eitt eintak af þrem og það eina sem ekki var vitað um. Bókin var síðan seld á uppboði í Danmörku. Jón segir að allt hafi verið óbreytt í húsinu frá því það var byggt 1883. Viðir hússins séu úr gömlu salt- og fiskhúsi Siemsen-verslunarinnar og yfir eldhúsglugganm er biti úr skonnortunni Valkyrju sem verslunin átti. Í þessu einlyfta húsi bjuggu á sínum tíma fjörutíu manns. Tuttugu og fimm vermenn í kjallaranum og svo fjölskyldan á hæðinni.

Breiðabólstaðir

Jón Ragnar er tréskipasmiður að mennt, sá síðasti sem lauk námi í þeirri iðngrein hér á landi og kannski verða þeir ekki fleiri sem fá tækifæri hér til að mennta sig sem tréskipasmiðir. Í það minnsta hefur Jón Ragnar ekki mikla trú á að svo verði. Hann telur það jafnvel meiri og betri reynsla að fara erlendis í vinnu við skipasmíði en að nema hér. Sjálfur er hann af bátasmíðum kominn og á ættir á eyjum Breiðafjarðar rétt eins og kona hans Hera. Þau hjón eru sannkallaðir útvegsbændur eru með vaxandi æðarækt, 150 kollar og hann leggur kolanet út við ósinn og setur skarkola í þækil. „Hann afi gerði þetta alltaf“ segir hann og bætir við að hann hafi fengið nafn afa síns og Jóns nafnið hafi gengið mann fram af manni í fjölskyldunni frá 1610 rétt eins og handtökin við



Útvegsbóndinn

smíði báts. Hann segir áhuga á menningararfinum fara vaxandi og ungt fólk kunnir nú betur en áður að meta gott handverk.

Viðgerðir á gömlum húsum er nú hans aðalstarf en hann hefur einnig verið í vinnu hjá Síldarminjasafninu á Siglufirði og tekur að sér að gera við báta. Námskeið á vegum Síldarminjasafnsins sem og þau námskeið sem Hafliði Aðalsteinsson og Eggert Björnsson standa fyrir á Reykhólum segir hann ómetanleg til að viðhalda þekkingu á viðgerð og viðhaldi báta og á smíði súðbyrðinga. Að ætla sér að lifa af því að smíða eða gera upp gamla báta á Íslandi telur hann vonlaust. Það sé útilokað að hafa lifibrauð af því eingöngu. Syni sína segir hann áhugasama þó ungir séu þrettán, níu og sjö ára og hann hefur fulla trú á að bátar verði smíðaðir áfram á Íslandi þó svo að honum finnst ótrúlegt að stærri tréskip verði smíðuð hér.



Ég negli og saga og smíða mér bát...

Danmörku með upphafningu þjóðtungunnar og annars sem talið var þjóðlegt. Þýska var móðurmál Kristjáns IX. og þótt hann lærði dönsku á unglingsárum varð hún honum aldrei fyllilega töm. Margir Danakonungar á undan honum höfðu haft þýsku að móðurmáli án þess að neitt veður væri gert út af því en nú urðu ýmsir til að halda því fram að slök dönskukunnátta konungs væri til vansa.

Íhaldssemi Kristjáns IX. birtist á margan hátt í embættisfærslu hans en hvergi þó skýrar en í andstöðu hans gegn viðleitni við að koma á þingræði í Danmörku í hinum langdregnu stjórnlagadeilum sem einkenndu dönsk stjórnsmál á síðari hluta ríkisára hans. Þar varð hann þó að lokum að láta í minni pokann og fallast á þingræðisskipanina árið 1901. Eins og gefur að skilja voru mjög skiptar skoðanir um pólitísk afskipti hans á meðan á þeim stóð og vissulega gefa þau til kynna andstöðu við lýðræðislega framvindu og mótþróa gegn straumum tímans en jafnframt heilsteypta og mótaða pólitíska stefnu sem framfylgt var af einurð en með gætni og fyrirhyggju.

Kristján IX. var gæfumaður í einkalífi og náði háum aldri enda hófsmaður í öllum lífsnautnum og lét sér annat um heilsufar sitt. Hann kvæntist konunni sem hann elskaði og unni henni alla tíð. Honum og Lovísu drottningu varð sex barna auðið. Sonurinn Friðrik varð Danakonungur, dæturnar Alexandra og Dagmar gengu að eiga ríkisarfa í Bretlandi og Rússlandi og sonurinn Vilhelm varð Grikklandskóngur. Af þessum sökum voru þau Kristján IX. og Lovísa drottning gjarnan nefnd „tengdaforeldrar Evrópu“ og átti það vel við á þeirra tíð þegar konungdæmi og keisaraveldi höfðu meiri áhrif í álfunni en nú er reyndin.

Freigátan Jylland og konungsheimsóknin 1874

Þegar afráðið var að Kristján IX. og yngsti sonur hans, Valdimar prins, réðust til Íslandsferðar sumarið 1874 var tekið að leita að heppilegum farkosti þar sem gamla konungsskipið, Slésvík, sem var gufuknúið hjólskip, fór illa í sjó og þótti ekki henta vel til siglinga yfir úthafið. Fyrir valinu varð freigátan Jylland sem tekin var úr þjónustu sem herskip og fengið hlutverk konungsskips meðan á förinni stæði.

Þegar freigátan Jylland hljóp af stokkunum í skipasmíðastöð danska flotans 20. nóvember 1860 var hún í senn vel útbúið herskip og gersamlega úrelt. Skipið var vel búið fallbyssum, gufuvélin og skrúfan af nýjustu gerð og seglabúnaðurinn hinn besti en þar sem skrokkur þess var úr tré átti það takmarkað erindi við nýja tíma þar sem stálskip stóðust mun betur kúlnahríð úr fallbyssum sem urðu sífellt öflugri. Freigátan Jylland varð því síðasta herskip Dana sem smíðað var úr trjáviði.

Jylland tók aðeins þátt í einni sjóorrustu, orrustunni við Helgoland 9. maí 1864, þar sem danska flotanum tókst að stöðva framrás prússnesk-austurríska sjóhersins. Þessi árangur kom þó ekki í veg fyrir fullkominn ósigur landhers Dana fyrir herjum Prússa og Austurríkismanna síðar þetta ár en kann að hafa átt sinn þátt í því að afleiðingar ósigursins urðu ekki enn stórfelldari.



Freigátan Jylland, Ebeltoft.

Það er af örlögum freigátunnar Jylland að segja að hún þjónaði sem konungsskip í Rússlandsför Kristjáns IX. árið 1876 en var síðan nýtt í þágu ýmissa verkefna flotans, þar á meðal í Vestur-Índíum. Árið 1908 seldi flottinn skipið til niðurrífs. Sú ráðstöfun mæltist víða illa fyrir og hrundið var af stað fjársöfnun í því skyni að kaupa skipið til baka. Það tókst og upp frá því lá Jylland í Kaupmannahöfn og gekk á ýmsu með skipið uns það sökk við bryggju árið 1947. Árið 1960 var freigátunni lyft af botni og dregin til Ebeltoft þar sem hún er enn. Gagngert viðhald á skipinu hófst um 1980 og árið 1990 var freigátusafnið opnað. Hefur það síðan verið vinsæll áfangastaður ferðamanna.



Móttakan í Reykjavík 1874.

Nokkrar breytingar voru gerðar á freigátunni Jylland til þess að hún gæti rækt hlutverk sitt sem konungsskip í Íslandsförinni, m.a. var fallbyssum um borð fækkað svo unnt væri að koma fyrir íbúðum fyrir konung og fylgdarlið hans sem búnar voru vatnssalernum, einni af nýjungum þeirra tíma sem ekki var að finna í híbýlum almúgafólks.

Jylland kom til Reykjavíkur að morgni 30. júlí 1874 ásamt fylgdarskipinu Heimdalli. Konungur og fylgdarlið hans kom í land síðar um daginn og var vel fagnað. Í fyrsta skipti frá því að Ísland komst undir konungsvald stóð konungur Íslands augliti til auglitis við Íslendinga í landi þeirra. Meðan Kristján IX. og fylgdarlið hans dvöldu í Reykjavík hafði hann bækistöð í húsi því sem nú er stjórnarráð Íslands og aðsetur forsætisráðuneytisins. Styttu konungs stendur þar fyrir framan þennan gististað hans.